

Alþingi
Erindi nr. P 130/1926
komudagur 19.4.2004

Til landbúnaðarnefndar Alþingis.
Elín V. Þorsteinsdóttir, nefnarritari.
Frá: Sigríði Norðmann, landbúnaðarráðuneyti.
Dags.: 16. apríl 2004.

Minnisblað um frumvarp til ábúðarlaga.

Landbúnaðarráðuneytið hefur farið yfir **athugasemdir um frumvarp til ábúðarlaga sem landbúnaðarnefnd bárust á síðasta þingi, 128. löggjafarþingi Alþingis 2002-2003 og einnig athugasemdir Bændasamtaka Íslands sem bárust í nóvember 2003.** Í frumvarpi til nýrra ábúðarlaga sem nú liggur fyrir Alþingi hefur verið tekið tillit til framangreindra athugasemda eins mikið og ráðuneytið taldi unnt og var upphaflegri gerð frumvarpsins breytt í samræmi við þær í það horf eins og það hefur nú verið lagt fyrir Alþingi. **Hér á eftir verður gerð grein fyrir hvernig ráðuneytið hefur tekið tillit framangreindra athugasemda í nýju frumvarpi til ábúðarlaga sem lagt var fram á þessu þingi, 130. löggjafarþingi Alþingis 2003-2004** (Fjallað er um umsögn Bændasamtaka Íslands fyrst þar sem hún er umfangsmest en um hinar í stafrófsröð):

1. Umsögn Bændasamtaka Íslands.

6. gr. - fallist var á athugasemdir.

8. gr. - fallist á athugasemdir.

13. gr. – fallist á að hluta en ekki öllu leyti.

15. gr. – fallist á athugasemdir.

20. gr. – fallist á athugasemdir.

30. gr. – fallist á athugasemdir.

34. gr. - tekið hefur verið tillit til skógræktar í 38. gr. og 42. gr. nýja frumvarpsins með svipuðum hætti og BÍ fara fram á.

Ekki var fallist á athugasemdir BÍ um 2. gr., 4. gr., 11. gr., 13. gr., 14. gr., 23. gr. og 37. gr.

2. Umsögn Aðaldælahrepps.

Gerði ekki athugasemdir.

3. Umsögn Akraneskaupstaðar.

Gerði ekki athugasemdir.

4. Umsögn Bessastaðahrepps.

Gerði ekki athugasemdir.

5. Umsögn Borgarbyggðar.

Ekki fallist á athugasemdir.

6. Umsögn Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

Ekki fallist á athugasemdir.

7. Umsögn Djúpavogshrepps.

Vísað var til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. nr. 2 og var tekið tillit til sömu athugasemda og þar.

8. Umsögn Eyjafjarðarsveitar.

Gerði ekki athugasemdir.

9. Umsögn Hornafjarðar.

Gerði ekki athugasemdir.

10. Umsögn Kolbeinsstaðahrepps.

Gerði ekki athugasemdir.

11. Umsögn Landssamtaka sauðfjárbænda.

Ekki fallist á athugasemdir.

12. Umsögn Lánasjóðs landbúnaðarins.

Ekki fallist á athugasemdir.

13. Umsögn Norður-Héraðs.

Ekki fallist á athugasemdir um 11. og 13. gr. Athugasemdir við 14. og 17. gr. eru ábendingar sem ekki hafa verið gerðar sérstakar breytingar út af. Varðandi athugasemdir við 34. gr. bendir ráðuneytið á að í 41. gr. frumvarpsins eru ítarleg viðmið sem úttektarmönnum ber að leggja til grundvallar mati og á því síðastgreind athugasemd ekki rétt á sér.

14. Umsögn Óbyggðanefndar.

Gerði ekki athugasemdir.

15. Umsögn Prestssetrasjóðs.

Ekki fallist á athugasemdir.

16. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fallist á athugasemdir um 16. gr. en ekki aðrar athugasemdir.

17. Umsögn Skipulagsstofnunar.

Gerði ekki athugasemdir.

18. Umsögn Suðurlandsskóga.

Fallist var á athugasemdir.

19. Umsögn Sýslumannsins í Reykjavík.

Gerði ekki athugasemdir.

20. Umsögn Svalbarðsstrandarhrepps.

Ekki fallist á athugasemdir.

21. Umsögn Þórshafnarhrepps.

Ekki fallist á athugasemdir.